

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1316
komudagur 25. 2. 2003

415. mál, tóbaksvarnir.

Góðan dag heilbrigðis- og trygginganefnd og hafir þakkir fyrir góðan fund.

Mig langar að itreka það sem ég lagði áherslu á í gær. Í ljósi þess að lýðheilsustöð mun ekki hafa úr neinum fjármunum að spila, fyrir utan það sem nú þegar er eymamerkt ráðunum, væri skynsamlegast og heillavænlegast að færa núverandi nefndir/ráð undir sama þak, spara húsaleigu, samnýta símsvörun og tæki og halda reglulega samráðsfundi. Slíkt gæti verið vísir á frekara samstarf og hugsanlega lagasetningu í framtíðinni.

Þar sem allir fundarmenn í gær lýstu yfir óánægju með frumvarpið i núverandi mynd og lögðu til að stigið yrði varlega til jarðar yrði það engum til framdráttar að knýja frumvarpið í gegn. Þetta frumvarp er ekki kosningamál og því síður landsbyggðamál því það myndi strá salt i sárin ef lýðheilsustöð, ef hún verður að veruleika, yrði staðsett úti á landi.

Ég vil líka ítreka það sem ég sagði í gær, hvers vegna að hrófla við því sem vel er gert? Aðrar þjóðir leita til okkur hvað tóbaksvarnir varða því þær undrast hvernig okkur hefur tekist að minnka reykingar fullorðinna úr 30% í 24% á 6 árum. Og það sem ÖLLU máli skiptir, að reykingar 12-16 ára grunnskólanemenda hafa farið niður um 40% á síðustu fjórum árum. Ef við náum að ala upp reyklaugar kynslóðir mun það draga úr áfengisvandamálum og fíkniefnamálum í framtíðinni því það eru 10 sinnum meiri líkur á því að barn sem reykir verði alkóhólisti en barn sem aldrei reykir. OG -- ENGINN eiturfjandeytandi er reyklaus. Það eru orsakir og afleiðingar í þessu eins og öðru.

Áfengis- og vímuefnaráð þarf sterkari lagagrunn til að taka á þessum áfengisauglýsingum og hin ráðin þurfa aukið fjármagn. Ef þetta yrði að veruleika væri stór sigur unninn.

Með óskum um að nefndarmenn taki skynsamlega ákvörðun sem allir verða sáttir við.

Virðingarfyllst,

Þorgrímur Þráinsson
framkvæmdastjóri
Tóbaksvarnanefndar